

ÆFINGABÚÐIR NAUTHÓLSVÍK 2019



Æfingabúðamót 5. - 6. júlí 2019
Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

- 1.1 Keppt verður samkvæmt:
Alþjóða kappsiglingareglum 2017-2020,
Kappsiglingafyrirmælum SÍL
Kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2 AUGLÝSINGAR

- 2.1 Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt World Sailing reglugerð 20 um auglýsingar.
2.2 Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa sýna á bátum eða búnaði.

3 HLOTGengi OG ÞÁTTTAKA

- 3.1 Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppenda-reglum SÍL.
Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:
1. Optimist
 2. Laser 4,7
 3. Laser radial
 4. Laser standard
 5. Topper Topaz
 6. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL.
- Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

4 ÞÁTTTÖKUGJALD

Þátttökugjald er 3.500 kr
Gjald greiðist inn á reikning: 516-26-11609 Kt: 681174-0449.
Senda staðfestingu á skraning@brokey.is

5 SKRÁNING

Skráning skal berast keppnisstjórn fyrir kl. 17:00 fimmtudaginn 4. júní með tölvupósti á skraning@brokey.is
Taka þarf nafn keppanda, kennitölu, seglanúmer, bátstegund, félag sem keppt er fyrir og símanúmer keppanda. Ef keppandi er undir 18 ára þarf nafn og símanúmer foreldris/ forráðamanns að fylgja með.

6 TÍMAÁÆTLUN

5. júlí og 6. júlí - Skipstjórafundur kl. 9:30
Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 11:00 reikna má með tveimur umferðum fyrir mat og þremur umferðum eftir mat. (matur úti á sjó)
Alls er gert ráð fyrir að sigla a.m.k. 7 umferðir
6. júlí kl. 18:00 - Grill og verðlaunaafhending í sal félagsins

7 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

Kappsiglingafyrirmælin verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað.

ÆFINGABÚÐIR NAUTHÓLSVÍK 2019



- 8 **KEPPNISSVÆÐI**
Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans.
- 9 **KEPPNISBRAUTIR**
Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum eða á skipstjórnarfundi.
- 10 **STIGAGJÖF**
Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.
- 11 **FJARSKIPTI**
Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum.
Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.
Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.
- 12 **VERÐLAUN**
Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.
- 13 **TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**
Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.
- 14 **ÖRYGGIS- OG GÆSLUBÁTAR**
Óskað er eftir því að siglingaklúbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og gæslubátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum á tilteknu svæði og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema í neyðartilvikum. Tilkynnt verður á skipstjórafundi hvar öryggis- og gæslubátar eiga að vera meðan keppni stendur.
- 14 **FREKARI UPPLÝSINGAR**
Frekari upplýsingar veitir Aðalsteinn Jens Loftsson s: 693 2221, keppnisstjóri